

Fundargerð stjórnarfundar LH

14. stjórnarfundur LH haldinn 19. desember 2011, Íþróttamiðstöðinni Laugardal kl. 16. Mættir eru allir stjórnarmenn LH. Á dagskrá fundarins voru tvo mál:

1. Staðaval Landsmóts fyrir árin 2014 og 2016
2. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og var gengið til dagskrár. Var byrjað á því að taka til umræðu umsóknir um að halda Landsmót hestamanna 2014. Fyrir fundinum lágu umsóknir frá Funa í Eyjafjarðarsveit vegna Melgerðismela, Gullhyl ehf. í Skagafirði vegna Vindheimamela og Rangárbökkum ehf. vegna Hellu. Stjórn ræddi kosti og galla allra umsókna og mismunandi staða og hafði á fundinum öll gögn frá umsækjendum, skýrslu Mannvirkjanefndar LH. Formaður ásamt stjórnarmönnum úr LH hittu fulltrúa frá Funa og Eyjafjarðarsveit, fulltrúa Gullhyla ásamt sveitarstjórnarmönnum úr Skagafirði og fulltrúa frá Fáki á fundum þar sem farið var yfir umsóknir þessarra aðila. Fulltrúar Rangárbakka töldu ekki þörf á sérstökum fundi vegna umsóknar sinnar.

Formaður upplýsti að hann hefði haft samband við formann Bændasamtaka Íslands og þeir rætt staðarval Landsmóta. Liggur fyrir að ákvörðunin er stjórnar LH, en Bændasamtökin munu verða upplýst um niðurstöðu stjórnar áður en hún verður birt opinberlega.

Stjórn ræddi skýrslu nefndar um Landsmót og þá sérstaklega umfjöllun hennar um staðarval. Stjórn LH er sammála um að það sé ekki á hennar höndum að setja reglu um að Landsmót skuli vera í tvö skipti á Suðurlandi og í eitt á Norðurlandi, til þess þurfi breytingar á lögum LH. Hins vegar er það skylda stjórnar að taka ákvörðun um staðarval og við þá ákvörðun er hún ekki bundin landfræðilegum takmörkunum, heldur horfir til þeirra umsókna sem fyrir liggja og metur þær, auk þess að horfa til annarra sjónarmiða sem hún telur rétt að eigi þátt í niðurstöðunni.

Stjórn ræddi sérstaklega um þann vanda sem henni væri á höndum vegna fjárhagsstöðu Landsmóts og hvernig best yrði tryggt að jafnvægi næðist á ný í fjárhagsskipan félagsins, enda er LH í ábyrgðum fyrir hluta af skuldbindingum félagsins ásamt Bændasamtökunum. Þá var einnig rætt um það hvort að Rangárbakkar hefðu fjarhagslega burði til að standa að undirbúningi Landsmóts á Hellu.

Að umræðum loknum var gengið til atkvæðagreiðslu um val á samningsaðila um mótið 2014.

Stjórn ákvað að ganga til samninga við Rangárbakka ehf. um að halda LM 2014 á grundvelli þeirra krafna sem gerðar eru til landsmótshalds af hálfu LH, Bændasamtaka Íslands og Landsmóts ehf., með eftirtöldum fyrirvörum.

- Að félagið sé fjárhagslega sjálfstætt og gjaldfært að mati stjórnar LH.
- Að félagið verði rekstrarhæft að mati stjórnar LH að móti loknu.
- Samningar náist um að framkvæmdir, leigugjald og markaðssetningu.
- Að tryggt sé að ekki verði verulegar breytingar á hluthafahópi Rangárbakka ehf. fram yfir mót 2014.
- Samningar náist við sveitarfélög og helstu hagsmunaaðila í ferðaþjónustu um stuðning, markaðssetningu og framkvæmd mótsins 2014.
- Að samningar takist fyrir 1. apríl 2012.

Náist samningar ekki fyrir 1.04.2012 mun stjórn LH endurskoða ákvörðun sína.

Þvínæst tók stjórn fyrir umsóknir um að halda Landsmót hestamanna árið 2016.

Stjórn hefur borist bréf frá Hestamannafélaginu Fáki með beiðni um frestun á ákvörðun um val á mótsstað vegna ársins 2016. Stjórn ræddi erindið og taldi sig ekki geta orðið við þeirri beiðni með vísan til laga og reglna LH.

Fyrir lágu umsóknir frá Hestamannafélaginu Fáki vegna Víðidals í Reykjavík, frá Funa í Eyjafjarðarsveit vegna Melgerðismela, Gullhyl ehf. í Skagafirði vegna Vindheimamela og Rangárbökkum ehf. vegna Hellu. Stjórn ræddi kosti og galla allra umsókna og mismunandi staða.

Stjórnin var sammála um að þar sem ákveðið hefði verið að ganga til samninga við Rangárbakka um Landsmót 2014, væri rétt að Landsmót 2016 yrði á Norðurlandi. Stendur því valið á milli Vindheimamela annars vegar og Melgerðismela hins vegar. Stjórnin hefur farið yfir fyrirbyggjandi gögn um báða þessa mótsstaði.

Stjórn ræddi sérstaklega um þá staðreynd að sömu helgi og Landsmót er haldið er stórt knattspyrnumót á Akureyri með 10–15 þúsund gestum. Leitaði stjórn sérstaklega eftir svörum frá Akureyrarstofu um það hvort þjónusta í bænum gæti ráðið við slíkt stórmót sömu helgi og aðal keppnin fer fram á Landsmóti með þeim gestum sem vænta má að sækji viðburðinn. Ekki bárust svör við því. Lýstu einhverjir stjórnarmenn efasemdum um að hægt væri að halda þessa viðburði á sömu slóðum á sama tíma. Þá kom til umræðu hvort að félag á stærð við Funa hefði burði til að standa eitt að Landsmóti, en ekki liggur fyrir neitt um að önnur hestamannafélög á svæðinu ætli að taka þátt í mótahaldi þótt þau hafi sum lýst yfir stuðningi við umsóknina. Kom fram að nauðsynlegt væri að sterk félagsleg samstaða væri til staðar á bak við umsókn um að halda Landsmót. Liggur fyrir að svo var ekki í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu um Landsmót á Melgerðismelum.

Fram kom í umræðum að með því að velja Vindheimamela væri betur tryggt að fjárhagsleg staða Landsmóts verði rétt við á ný. Ástæða þess er sú að nú eru þegar til staðar það miklar fjárfestingar í Vindheimamelum sem ella þyrfti að ráðast í á Melgerðismelum. Þær nauðsynlegu fjárfestingar í grunnaðstöðu, s.s. ljósleiðara, vatnsveitu, rafmagni, plani undir sölutjöld ofl. myndu mjög líklega hafa áhrif á afkomu mótsins.

Að umræðum loknum var gengið til atkvæðagreiðslu.

Var niðurstaða atkvæðagreiðslunnar sú að ganga til samninga við Gullhyl ehf. um að halda LM 2016 á Vindheimamelum á grundvelli þeirra krafna sem gerðar eru til landsmótshalds af hálfu LH, Bændasamtaka Íslands og Landsmóts ehf., með eftirtöldum fyrirvörum.

- Að félagið sé fjárhagslega sjálfstætt og gjaldfært að mati stjórnar LH.
- Að félagið verði rekstrarhæft að mati stjórnar LH að móti loknu.
- Samningar náist um að framkvæmdir, leigugjald og markaðssetningu.
- Að tryggt sé að ekki verði verulegar breytingar á hluthafahópi Gullhyls ehf. fram yfir mót 2016.

- Samningar náist við sveitarfélög og helstu hagsmunaaðilar í ferðapjónustu um stuðning, markaðssetningu og framkvæmd mótsins 2016.
- Að samningar takist fyrir 1. September 2012.

Náist samningar ekki fyrir 1.09.2012 mun stjórn LH endurskoða ákvörðun sína.

Önnur mál.

Rætt var um fasteignagjöld á hesthús í þéttbýli. Ákveðið var að ítreka við innanríkisráðherra að beita sér fyrir breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og afnema þá mismunun sem felst í núverandi löggjöf þar sem álagning fasteignaskatta á hesthús er mismunandi eftir því hvort þau eru á lögbýlum eða í þéttbýli.